

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/17/EB

frá 3. mars 2003

um breytingu á tilskipun 98/70/EB um gæði bensins og dísileldsneytis

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽²⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾, á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 20. janúar 2003,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 98/70/EB ⁽⁴⁾ er mælt fyrir um umhverfisforskriftir fyrir markaðseldsneyti.
- 2) Í 95. gr. sáttmálans er kveðið á um að í tillögum framkvæmdastjórnarinnar um stofnun og starfsemi innri markaðarins, sem varða m.a. heilbrigði og umhverfisvernd, skuli gengið út frá öflugri vernd og að Evrópuþingið og ráðið leggi einnig sitt af mörkum til að þessu markmiði verði náð.
- 3) Endurskoðun tilskipunar 98/70/EB er ráðgerð í því skyni að uppfylla kröfur Bandalagsins um loftgæðastaðla og tengd markmið og í því skyni að bæta við frekari forskriftum til viðbótar við lögboðnar forskriftir sem hefur þegar verið mælt fyrir um í III. og IV. viðauka við tilskipunina.
- 4) Skerðing brennisteinsinnihalds í bensíni og dísileldsneyti getur stuðlað að því að þessum markmiðum verði náð.
- 5) Það er vel þekkt að brennisteinn í bensíni og dísileldsneyti dregur úr virkni þeirrar tækni þar sem hvatar eru notaðir við eftirmeðhöndlun útblásturs í ökutækjum á vegum og í enn ríkari mæli í færanlegum vélbúnaði til nota utan vega.
- 6) Ökutæki á vegum verða í auknum mæli háð búnaði, þar sem hvatar eru notaðir til eftirmeðhöndlunar, til að ná þeim viðmiðunarmörkum um losun sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 70/220/EBE frá 20. mars

1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá vélknúnum ökutækjum ⁽⁵⁾ og tilskipun ráðsins 88/77/EBE frá 3. desember um samræmingu laga aðildarríkjanna um ráðstafanir sem ber að gera til að stemma stigu við losun mengandi lofttegunda og efnisagna frá þrýstikveikjuhreyflum til notkunar í ökutæki og losun mengandi lofttegunda frá rafkveikjuhreyflum, knúnum með jarðgasi eða fljóttandi jarðolíugasi, til notkunar í ökutæki ⁽⁶⁾. Samkvæmt þessu er líklegt að skerðing á brennisteinsinnihaldi bensins og dísileldsneytis hafi meiri áhrif á losun með útblæstri en breytingar á öðrum færribreytum sem tengjast eldsneyti.

- 7) Tilkoma eldsneytis með brennisteinsinnihaldi að hámarki 10 mg/kg, ásamt nýrri tækni í ökutækjum, mun bæta nýtingu eldsneytis og rétt þykir að rannsaka hana með tilliti til tækni fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega því að hún á að geta leitt til verulegrar skerðingar á losun hefðbundinna mengunarvalda lofta frá þeim ökutækjum sem fyrir eru. Ávinningurinn af þessu vegur upp á móti aukinni losun CO₂ sem tengist framleiðslu eldsneytis þar sem dregið hefur verið úr brennisteinsinnihaldi í bensíni og dísileldsneyti.
- 8) Því þykir rétt að mæla fyrir um ráðstafanir sem tryggja innleiðingu eldsneytis, sem inniheldur að hámarki 10 mg/kg af brennisteini, og að það verði fánlegt. Skattaívilnanir hafa reynst árangursríkar til að stuðla að tilkomu betra eldsneytis fyrir en ráðgert var í samræmi við þarfir og forgangsroðun hvers ríkis og til að stytta þann aðlögunartíma sem tvær tegundir eldsneytis með mismunandi gæðum eru samtímis á markaði. Stuðla ber að og hvetja til þess að skattalegum ráðstöfunum verði beitt á landsvísu eða á vettvangi Bandalagsins.
- 9) Ef eldsneyti með brennisteinsinnihaldi að hámarki 10 mg/kg fæst víða skapast grundvöllur fyrir bílaframleiðendur til að stíga stórt framfaraskref í átt að bættri nýtingu eldsneytis í nýjum ökutækjum. Þegar núgildandi skuldbindingar bílaframleiðenda vegna umhverfismála verða teknar til endurskoðunar árið 2003 verður metið að hve miklu leyti notkun eldsneytis með brennisteinsinnihaldi að hámarki 10 mg/kg hafi orðið til þess að markmið Bandalagsins um meðallosun CO₂, sem nemur 120 g/km, fyrir nýja bíla hafa náðst.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 213 E, 31.7.2001, bls. 255.⁽²⁾ Stjtið. EB C 36, 8.2.2002, bls. 115.⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 29. nóvember 2001 (Stjtið. EB C 153 E, 27.6.2002, bls. 253). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 15. apríl 2002 (Stjtið. EB C 145 E, 18.6.2002, bls. 71) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 26. september 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 30. janúar 2003 og ákvörðun ráðsins frá 6. febrúar 2003.⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/71/EB (Stjtið. EB L 287, 14.11.2000, bls. 46).⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 76, 6.4.1970, bls. 1; Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2001/100/EB Evrópuþingsins og ráðsins (Stjtið. EB L 16, 18.1.2002, bls. 32).⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 36, 9.2.1988, bls. 33. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/27/EB (Stjtið. EB L 107, 18.4.2001, bls. 10).

- 10) Nauðsynlegt er að tryggja að frá 1. janúar 2005 verði nægilegt framboð af bensíni og díseilsneyti með brennisteinsinnihald að hámarki 10 mg/kg á stöðum sem hafa hæfilega jafna, landfræðilega dreifingu til að tryggja frjálsa dreifingu nýrra ökutækja, sem þurfa þetta nýja eldsneyti, og jafnframt tryggja að skerðing á losun CO₂ frá nýjum ökutækjum sé meiri en sú viðbótarlosun sem fylgir framleiðslu þessa eldsneytis.
- 11) Fresturinn til að leiða að fullu í lög ákvæði um bensín og díseilsneyti með brennisteinsinnihaldi að hámarki 10 mg/kg skal vera til 1. janúar 2009 til að tryggja að eldsneytisframleiðendur fái nægilegan tíma til að ráðast í nauðsynlegar fjárfestingar og geti lagað framleiðsluáætlanir sínar að þessu. Fullnaðarinnleiðing ákvæða um bensín og díseilsneyti með brennisteinsinnihaldi að hámarki 10 mg/kg frá og með 1. janúar 2009 mun auk þess leiða til skerðingar á losun hefðbundinna mengunarefna lofts frá þeim ökutækjum sem nú eru í umferð og leiðir til meiri loftgæða og mun jafnframt tryggja að ekki verði heildaraukning á losun gróðurhúsalofttegunda. Í ljósi þessa er nauðsynlegt, að því er varðar díseilsneyti, að staðfesta þessa dagsetningu eigi síðar en 31. desember 2005.
- 12) Til að vernda heilbrigði manna og/eða umhverfið á tilteknum þéttbýlisstöðum eða á sérstökum svæðum, sem eru viðkvæm í vistfræði- eða umhverfislegu tilliti og þar sem sérstaks mengunarvanda gætir, skal aðildarríkjum heimilt, með fyrirvara um málsmeðferð sem kveðið er á um í þessari tilskipun, að krefjast þess að því aðeins megi setja eldsneyti á markað að það uppfylli strangari umhverfisstærðir, að því er varðar viðkomandi mengunarvalda, en þær sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Þessi málsmeðferð er frávik frá málsmeðferðinni um upplýsingagjöf sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu⁽¹⁾.
- 13) Losun frá hreyflum í hreyfanlegum vélbúnaði til nota utan vega og dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt verður að vera í samræmi við þau gildi sem eru fastsett í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB frá 16. desember 1997 um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum⁽²⁾ og í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/25/EB frá 22. maí 2000 um aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá hreyflum dráttarvéla fyrir landbúnað eða skógrækt⁽³⁾. Hvort þessum viðmiðunargildum fyrir losun verður náð ræðst í auknum mæli af gæðum þeirrar gasolíu sem notuð er á þessa hreyfla og því er mikilvægt að bæta við skilgreiningu á eldsneyti af þessu tagi í tilskipun 98/70/EB.
- 14) Rétt þykir að kveða á um samræmt kerfi til að vakta gæði eldsneytis eða innlend kerfi, sem tryggja ámóta trausta niðurstöðu, og kveða einnig á um skýrslugjafarkerfi til að meta hvort farið hafi verið að tilskildum umhverfisstærðum varðandi gæði eldsneytis.
- 15) Mæla skal fyrir um málsmeðferð til að uppfæra mæli-aðferðirnar, sem eru notaðar, til að tryggja samræmi við tilskildar forskriftir fyrir gæði eldsneytis.
- 16) Nauðsynlegar ráðstafanir til að koma tilskipun 98/70/EB í framkvæmd skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽⁴⁾.
- 17) Kveðið skal á um endurskoðun ákvæðanna í tilskipun 98/70/EB svo að taka megi tillit til nýrrar löggjafar Bandalagsins um loftgæði og skyldra markmiða í umhverfismálum, s.s. nauðsynjar þess að hvetja til notkunar annarra eldsneytistegunda en hefðbundinna, þ.m.t. lífrænt eldsneyti, þróunar nýrrar mengunarvarnartækni og til áhrifa af notkun málmiblöndunar-efna og annarra atriða sem skipta máli varðandi árangur af þeim og í því skyni að staðfesta eða ógilda dagsetninguna varðandi fullnaðarinnleiðingu ákvæða um díseilsneyti með brennisteinsinnihaldi að hámarki 10 mg/kg til að tryggja að ekki verði heildaraukning á losun gróðurhúsalofttegunda.
- 18) Fram skal fara ítarleg rannsókn á öðrum eldsneytistegundum en hefðbundnum, þ.m.t. lífrænt eldsneyti, og skal m.a. fjallað um nauðsyn sérstakrar löggjafar.
- 19) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum tilskipunar 98/70/EB og tryggja að þeim sé framfylgt.
- 20) Því ber að breyta tilskipun 98/70/EB til samræmis við þetta.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 98/70/EB:

1. Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „bensín“: allar rokgjarnar jarðolíur sem ætlaðar eru til innri bruna sem knýr rafkveikjuhreyfla sem notaðir eru til þess að knýja ökutæki áfram og falla undir SAT-númerin 2710 11 41, 2710 11 45, 2710 11 49, 2710 11 51 og 2710 11 59 (11),

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 98/48/EB (Stjtið. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 59, 27.2.1998, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/63/EB (Stjtið. EB L 227, 23.8.2001, bls. 41).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 173, 12.7.2000, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

2. „disileldsneyti“: gasolía, sem fellur undir SAT-númerið 2710 19 41 (*) og er notuð fyrir sjálfknúin ökutæki sem um getur í tilskipun 70/220/EBE og tilskipun 88/77/EBE.

3. „gasolía ætluð til notkunar fyrir hreyfanlegan vélbúnað til nota utan vega og dráttarvélar í landbúnaði eða skógrækt“: hvers kyns olía úr jarðolíu sem fellur undir SAT-númerin 2710 19 41 og 2710 19 45 (*), ætluð til notkunar fyrir hreyfla sem um getur í tilskipunum 97/68/EB (*) og 2000/25/EB (**),

4. „afskekktustu svæði“: frönsku umdæmin handan hafsin að því er varðar Frakkland, Asoreyjar og Madeira að því er varðar Portúgal og Kanaríeyjar að því er varðar Spán.

Að því er varðar aðildarríki þar sem heimskaualoftslag ríkir eða harðir vetur má miða við hámarkseimingarmarkið 10% (rúmmálshlutfall) við 180 °C í stað hámarkseimingarmarksins 65% við 250 °C að því er varðar disileldsneyti og gasolíu.

(*) SAT-númerin eru þau sem eru tilgreind í sameiginlegu tollskránni, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2031/2001 (Stjtið. EB L 279, 23.10.2001, bls. 1).

(**) Stjtið. EB L 59, 27.2.1998, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/63/EB (Stjtið. EB L 227, 23.8.2001, bls. 41).

(***) Stjtið. EB L 173, 12.7.2000, bls. 1.

2. Eftirfarandi undirgreinar bætist við 2. mgr. 3. gr.:

„d) Aðildarríkin skulu, með fyrirvara um ákvæði undirgreinar c, gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að blýlaust bensín með brennisteinsinnihaldi að hámarki 10 mg/kg verði sett á markað á yfirráðasvæði þeirra í tæka tíð og eigi síðar en 1. janúar 2005. Aðildarríkin skulu tryggja að slíkt blýlaust bensín sé fánlegt á stöðum sem hafa hæfilega jafna, landfræðilega dreifingu og að það uppfylli í öllum öðrum atriðum forskriftirnar sem eru settar fram í III. viðauka.

Að því er varðar afskekktustu svæðin er aðildarríkjunum þó heimilt að setja sérstök ákvæði um bensín með brennisteinsinnihaldi að hámarki 10 mg/kg. Aðildarríki, sem nýta sér þetta ákvæði, skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það, Framkvæmdastjórnin skal útbúa leiðbeiningar um merkingu orðalagsins „hæfilega jöfn, landfræðileg dreifing“ í þessari undirgrein.

e) Eigi síðar en 1. janúar 2009 skulu aðildarríkin sjá til þess að því aðeins sé heimilt að setja blýlaust bensín á markað á yfirráðasvæði þeirra að það uppfylli umhverfiforskriftirnar sem settar eru fram í III. viðauka, þó að undanskildu brennisteinsinnihaldinu sem skal að hámarki vera 10 mg/kg.“

3. Á 4. gr. verði eftirfarandi breytingar:

a) Eftirfarandi undirgreinar bætist við 1. mgr.:

„d) Aðildarríkin skulu, með fyrirvara um ákvæði undirgreinar c, gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að disileldsneyti með brennisteinsinnihaldi að hámarki 10 mg/kg verði sett á markað á yfirráðasvæði þeirra í tæka tíð og eigi síðar en 1. janúar 2005. Aðildarríkin skulu tryggja að slíkt disileldsneyti sé fánlegt á stöðum sem hafa hæfilega jafna, landfræðilega dreifingu og að það uppfylli í öllum öðrum atriðum forskriftirnar sem eru settar fram í IV. viðauka.

Að því er varðar afskekktustu svæðin er aðildarríkjunum þó heimilt að setja sérstök ákvæði um innleiðingu disileldsneytis með brennisteinsinnihaldi að hámarki 10 mg/kg. Aðildarríki, sem nýta sér þetta ákvæði, skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það,

e) Eigi síðar en 1. janúar 2009 skulu aðildarríkin sjá til þess, með fyrirvara um ákvæði a-liðar 1. mgr. 9. gr., að því aðeins sé heimilt að setja blýlaust bensín á markað á yfirráðasvæði þeirra að það uppfylli umhverfiforskriftirnar, sem settar eru fram í IV. viðauka, þó að undanskildu brennisteinsinnihaldinu sem skal að hámarki vera 10 mg/kg.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„5. Aðildarríkin skulu tryggja að gasolía, sem er ætluð til notkunar fyrir hreyfanlegan vélbúnað til nota utan vega og dráttarvélar til nota í landbúnaði eða skógrækt og sett er á markað á yfirráðasvæði þeirra, innihaldi minna af brennisteini en 2000 mg/kg. Eigi síðar en 1. janúar 2008 skal leyfilegt hámarks magn brennisteins í gasolíu, sem er ætluð til notkunar fyrir hreyfanlegan vélbúnað til nota utan vega og dráttarvélar til nota í landbúnaði eða skógrækt, vera 1000 mg/kg. Aðildarríkin mega þó setja lægri viðmiðunarmörk eða krefjast þess að brennisteinsinnihaldið verði það sama fyrir disileldsneyti og mælt er fyrir um í þessari tilskipun.“

4. Á 6. gr. verði eftirfarandi breytingar:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir ákvæði 3., 4. og 5. gr. og í samræmi við 10. mgr. 95. gr. sáttmálsans er aðildarríki heimilt að gera ráðstafanir til að kveða á um að á tilteknum svæðum á yfirráðasvæði þess sé því aðeins heimilt að setja eldsneyti á markað að það uppfylli strangari umhverfiforskriftir en þær sem kveðið er á um í þessari tilskipun fyrir allan eða hluta af flota ökutækja þess í því skyni að vernda heilbrigði íbúa á tilteknum þéttbýlisstað eða umhverfið á svæði, sem er sérstaklega viðkvæmt í vistfræði- eða umhverfislegu tilliti í því aðildarríki, ef mengun í andrúmslofti eða grunnvatni skapar, eða vænta má að geti skapað, alvarlegan og viðvarandi vanda fyrir heilbrigði manna eða umhverfið.“

b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina viðeigandi umhverfisgögn um viðkomandi þéttbýlisstað eða svæði, svo og um væntanleg áhrif fyrirhugaðra ráðstafana á umhverfið.“

c) Ákvæði 7. og 8. mgr. falli niður.

5. Í stað 8. gr. komi eftirfarandi:

„8. gr.

Eftirlit og skýrslugjöf

1. Aðildarríkin skulu hafa eftirlit með því að kröfum 3. og 4. gr., að því er varðar bensín og díseldsneyti, sé fullnægt á grundvelli greiningaraðferðanna sem um getur í Evrópustöðlunum EN 228:1999 og EN 590:1999.

2. Aðildarríkin skulu koma á fót eftirlitskerfi með gæðum eldsneytis í samræmi við kröfur viðkomandi Evrópustaðla. Leyfa má notkun annars eftirlitskerfis fyrir gæði eldsneytis svo fremi slíkt kerfi tryggir á móta áreiðanlegar niðurstöður.

3. Eigi síðar en 30. júní ár hvert skulu aðildarríkin leggja fram skýrslu með gögnum um gæði innlends eldsneytis á undangengnu almanaksári. Fyrstu skýrslunni skal skilað eigi síðar en 30. júní 2002. Frá og með 1. janúar 2004 skal skýrslan sniðin eftir lýsingu í viðkomandi Evrópustaðli. Aðildarríkin skulu auk þess gera grein fyrir heildarmagni bensíns og díseldsneytis, sem er sett á markað á yfirráðasvæði þeirra, og magni blýlauss bensíns og díseldsneytis með brennisteinsinnihaldi að hámarki 10 mg/kg. Aðildarríkin skulu enn fremur gefa skýrslu árlega um framboð af bensíni og díseldsneyti, sem er sett á markað á yfirráðasvæði þeirra og hefur brennisteinsinnihald að hámarki 10 mg/kg, á stöðum sem hafa hæfilega jafna, landfræðilega dreifingu.

4. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að upplýsingarnar, sem eru lagðar fram skv. 3. mgr., verði strax aðgengilegar eftir viðeigandi leiðum. Framkvæmdastjórnin skal birta árlega, og í fyrsta skipti eigi síðar en 31. desember 2003, skýrslu um raunveruleg gæði eldsneytis í hinum ýmsu aðildarríkjum og landfræðilega dreifingu eldsneytis með brennisteinsinnihaldi að hámarki 10 mg/kg í því skyni að fá fram yfirlit yfir gæði eldsneytis í hinum ýmsu aðildarríkjum.“

6. Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„9. gr.

Endurskoðunarferli

1. Eigi síðar en 31. desember 2005 skal framkvæmdastjórnin endurskoða eldsneytisforskriftirnar í III. og IV. viðauka að undanskildum ákvæðum um brennisteinsinnihald og leggja fram tillögur um breytingar, ef við á, í samræmi við núgildandi og síðari kröfur í

löggjöf Bandalagsins um mengandi losun ökutækja og loftgæði og skyld markmið. Framkvæmdastjórnin skal einkum taka til skoðunar:

a) nauðsyn þess að breyta frestinum varðandi fullnaðarinnleiðingu díseldsneytis, með brennisteinsinnihaldi að hámarki 10 mg/kg, til að tryggja að ekki verði heildaraukning á losun gróðurhúsalofttegunda. Við þessa endurskoðun skal hafa hliðsjón af framförum í oliuhreinsitækni, framförum að því er varðar bætt eldsneytisnýtingu ökutækja og því hversu hratt sú tækni, sem bætir eldsneytisnýtingu, er tekin upp í ökutækjaflothanum,

b) afleiðingar nýrrar lögjafar Bandalagsins um setningu loftgæðastaðla fyrir efni á borð við fjölhringa, arómatísk vetniskolefni,

c) niðurstöðu úr endurskoðuninni sem er lýst í 10. gr. tilskipunar ráðsins 1999/30/EB frá 22. apríl 1999 um viðmiðunargildi fyrir brennisteinsdíoxíð, köfnunar-efnisdíoxíð og önnur köfnunarefnisoxíð og efnisagnir og blý í andrúmsloftinu (*),

d) niðurstöðu endurskoðunar á ýmsum skuldbindingum japanskra (**), kóreskra (***) og evrópskra (****) bílaframleiðenda um að minnka eldsneytiseyðslu og losun koltvíoxíðs nýrra fólksbífeirða í ljósi breytinga á gæðum eldsneytis, sem eru innleiddar með þessari tilskipun, og framfara sem stuðla að því að markmiði Bandalagsins þess efnis að meðalökutæki losi ekki meira CO₂ en 120 g/km verði náð,

e) niðurstöðu endurskoðunarinnar, sem krafist er í 7. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/96/EB frá 13. desember 1999, um samræmingu laga aðildarríkjanna um ráðstafanir sem ber að gera til að stemma stígu við losun mengandi lofttegunda og efnisagna frá þrýstikveikjuhreyflum til notkunar í ökutæki og losun mengandi lofttegunda frá rafkveikjuhreyflum, knúnum jarðgasi eða fljótandi jarðoliugasi, til notkunar í ökutæki og um breytingu á tilskipun ráðsins 88/77/EEB (*****), og staðfestingu á lögboðna NO_x-staðlinum fyrir hreyfla þungra ökutækja,

f) hversu árangursrík ný tækni, sem á að draga úr mengun, reynist, einnig áhrif málmíblöndunarefna og önnur atriði, sem skipta máli fyrir árangur af þeim, og þróun sem hefur áhrif á alþjóðlega eldsneytismarkaði,

g) nauðsyn þess að hvetja til innleiðingar annarra eldsneytistegunda en hefðbundinna, þ.m.t. lífrænt eldsneyti, svo og nauðsyn þess að koma á breytingum á öðrum færíbreytum í eldsneytisforskriftunum, bæði fyrir hefðbundnar og aðrar eldsneytistegundir, t.d. breytingum á viðmiðunargildum um hámarksrokgirmi bensíns í þessari tilskipun, sem eru nauðsynlegar vegna notkunar þeirra að því er varðar blöndu lífetanóls og bensíns, og hvers kyns breytingum á EN 228:1999 sem verða síðar nauðsynlegar.

2. Samhliða gerð tillagna um næsta stig losunarstaðla fyrir þrýstikveikjuhreyfla í færanlegum vélbúnaði til nota utan vega skal framkvæmdastjórnin fastsetja kröfur um gæði eldsneytis. Í því samhengi skal framkvæmdastjórnin taka tillit til umfangs losunar frá þessum geira, heildarávinnings fyrir umhverfið og heilbrigði fólks, afleiðinganna í aðildarríkjunum að því er varðar dreifingu eldsneytis svo og kostnaðar og ávinnings, sem fylgir strangari viðmiðunarmörkum fyrir brennistein en nú er krafist fyrir eldsneyti, sem er notað í þrýstikveikjuhreyflum í færanlegum vélbúnaði til nota utan vega, og skal síðan laga viðeigandi kröfur um gæði eldsneytis fyrir hreyfanlegan vélbúnað til nota utan vega að ökutækjum á vegum eigi síðar en tiltekinn dag sem nú er vænst að verði 1. janúar 2009 og skal framkvæmdastjórnin staðfesta þá dagsetningu eða breyta henni við endurskoðun árið 2005.

3. Auk ákvæðanna í 1. mgr. getur framkvæmdastjórnin m.a. lagt fram:

— tillögur þar sem tillit er tekið til sérstöðu bundinna ökutækjafloata (captive fleets) og nauðsynjar þess að gera tillögu um viðmiðunarmörk í forskriftum fyrir það sérstaka eldsneyti sem slík ökutæki nota,

— tillögur þar sem ákveðin eru viðmiðunarmörk forskrifa fyrir fljótandi jarðolíugas, jarðgas og lífrænt eldsneyti.“

(*) Stjtið. EB L 163, 29.6.1999, bls. 41. Tilskipuninni var breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/744/EB (Stjtið. EB L 278, 23.10.2001, bls. 35).

(**) Stjtið. EB L 100, 20.4.2000, bls. 57.

(***) Stjtið. EB L 100, 20.4.2000, bls. 55.

(****) Stjtið. EB L 40, 13.2.1999, bls. 49.

(*****) Stjtið. EB L 44, 16.2.2000, bls. 1.“

7. Eftirfarandi grein bætist við:

„9. gr. a

Viðurlög

Aðildarríkin skulu ákveða viðurlög við brotum á innlendum ákvæðum sem eru samþykkt á grundvelli þessarar tilskipunar. Viðurlögin, sem ákvörðuð hafa verið, skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brotin og letjandi.“

8. Í stað fyrstu undirgreinar 10. gr. komi eftirfarandi:

„1. Mæliaðferðirnar, sem nota skal í tengslum við færíbreyturnar sem eru tilgreindar í I. og III. viðauka, skulu vera greiningaraðferðirnar í Evrópustaðli EN 228:1999. Mæliaðferðirnar, sem nota skal í tengslum við færíbreyturnar sem eru tilgreindar í II. og IV. viðauka, skulu vera greiningaraðferðirnar í Evrópustaðli EN 590:1999. Aðildarríkjunum er heimilt að samþykkja aðrar greiningaraðferðir en EN 228:1999 eða EN 590:1999, ef við

á, svo fremi sýna megi fram á að þær gefi a.m.k. sömu nákvæmni og sömu samkvæmni og greiningaraðferðirnar sem þær koma í staðinn fyrir. Ef nauðsynlegt er að laga samþykktu greiningaraðferðirnar að tækniframförum getur framkvæmdastjórnin samþykkt breytingar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr.“

9. Í stað 11. gr. komi eftirfarandi:

„11. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið var á fót skv. 12. gr. tilskipunar 96/62/EB (*).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið (**), með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

(*) Stjtið. EB L 296, 21.11.1996, bls. 55.

(**) Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.“

10. Í stað I. til IV. viðauka komi viðaukinn við þessa tilskipun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Aðildarríkin skulu beita þessum ráðstöfunum frá og með 1. janúar 2004.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. mars 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

A.-A. TSOCHATZOPOULOS

forseti.

VIDAUKI

„I. VIDAUKI

UMHVERFISFORSKRIFTIR FYRIR MARKAÐSELDSNEYTI TIL NOTKUNAR Í ÖKUTÆKJUM MEÐ
RAFKVEIKJUHREYFLITegund: **Bensín**

Færibreyta ⁽¹⁾	Eining	Viðmiðunarmörk ⁽²⁾	
		Lágmark	Hámark
Prófunaroktantala		95 ⁽³⁾	—
Hreyfilsoktantala		85	—
Gufuþrýstingur, að sumri ⁽⁴⁾	kPa	—	60,0 ⁽⁵⁾
Eiming:			
— uppgufað við 100 °C	% v/v	46,0	—
— uppgufað við 150 °C	% v/v	75,0	—
Vetniskolefnisgreining:			
— ólefin	% v/v	—	18,0 ⁽⁶⁾
— arómatísk vetniskolefni	% v/v	—	42,0
— bensen	% v/v	—	1,0
Súrefnisinnihald	% m/m	—	2,7
Súrefnissambönd:			
— Metanól (bæta verður við stöðgurum)	% v/v	—	3
— Etanól (e.t.v. þarf að bæta við stöðgurum)	% v/v	—	5
— Ísópróplalkóhól	% v/v	—	10
— Tert-bútýlalkóhól	% v/v	—	7
— Ísobútýlalkóhól	% v/v	—	10
— Etrar með fimm eða fleiri kolefnisfrumeindum í hverri sameind	% v/v	—	15
— Önnur súrefnissambönd ⁽⁷⁾	% v/v	—	10
Brennisteinsinnihald	mg/kg	—	150
Blýinnihald	g/l	—	0,005

⁽¹⁾ Prófunaraðferðir skulu tilgreindar í EN 228:1999. Aðildarríkjnum er heimilt að samþykka aðra greiningaraðferð en EN 228:1999 svo fremi sýna megi fram á að hún gefi a.m.k. sömu nákvæmni og sömu samkvæmni og greiningaraðferðin sem hún kemur í staðinn fyrir.

⁽²⁾ Gildin, sem eru tilgreind í tækniforskriftinni, eru „raungildi“. Við ákvörðun á viðmiðunarmörkum hafa verið notuð hugtök úr staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 „Petroleum products — Determination and application of precision data in relation to methods of test“ og við ákvörðun lágmarksgildis hefur verið tekið tillit til lágmarksmunar sem nemur 2R yfir núlli (R = samanburðarnákvæmni). Túlka skal niðurstöður úr einstökum mælingum á grundvelli viðmiðana sem lýst er í staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 (gefinn út 1995).

⁽³⁾ Setja má venjulegt, blýlaust bensín á markað með hreyfilsoktantölunni að lágmarki 81 og prófunaroktantölunni 91 að lágmarki.

⁽⁴⁾ Sumartímabilið skal hefjast eigi síðar en 1. maí og eigi ljúka fyrr en 30. september. Í aðildarríkjum, þar sem heimskaualoftslag ríkir eða harðir vetur, skal sumartímabilið hefjast eigi síðar en 1. júní og eigi ljúka fyrr en 31. ágúst.

⁽⁵⁾ Í aðildarríkjum, þar sem heimskaualoftslag ríkir eða harðir vetur, skal gufuþrýstingurinn ekki vera meiri en 70 kPa yfir sumartímann.

⁽⁶⁾ Setja má venjulegt, blýlaust bensín á markað með ólefininnihaldi að hámarki 21% miðað við rúmmál.

⁽⁷⁾ Önnur eingild alkóhól og etrar með lokasúðumarki sem er ekki hærra en það sem tilgreint er í EN 228:1999.

II. VIÐAUKI

**UMHVERFISFORSKRIFTIR FYRIR MARKAÐSELDISNEYTI TIL NOTKUNAR Í ÖKUTÆKJUM MED
ÞJÖPPUNARKVEIKJUHREYFLI**

Tegund: **Dísilseldsneyti**

Færibreyta ⁽¹⁾	Eining	Viðmiðunarmörk ⁽²⁾	
		Lágmark	Hámarg
Setantala		51,0	—
Eðlismassi við 15 °C	kg/m ³	—	845
Eiming:			
— hiti við 95% (miðað við rúmmál)	°C	—	360
Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni	% m/m	—	11
Brennisteinsinnihald	mg/kg	—	350

⁽¹⁾ Prófunaraðferðir skulu tilgreindar í EN 590:1999. Aðildarríkjunum er heimilt að samþykkja aðra greiningaraðferð en EN 590:1999 svo fremi sýna megi fram á að hún gefi a.m.k. sömu nákvæmni og sömu samkvæmni og greiningaraðferðin sem hún kemur í staðinn fyrir.

⁽²⁾ Gildin, sem eru tilgreind í tækniforskriftinni, eru „raungildi“. Við ákvörðun á viðmiðunarmörkum hafa verið notuð hugtök úr staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 „*Petroleum products — Determination and application of precision data in relation to methods of test*“ og við ákvörðun lágmarksgildis hefur verið tekið tillit til lágmarksmunar sem nemur 2R yfir núlli (R = samburðarnákvæmni). Túlka skal niðurstöður úr einstökum mælingum á grundvelli viðmiðana sem lýst er í staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 (gefinn út 1995).

III. VIÐAUKI

UMHVERFISFORSKRIFTIR FYRIR MARKAÐSELDSNEYTI TIL NOTKUNAR Í ÖKUTÆKJUM MEÐ
RAFKVEIKJUHREYFLI

Tegund: Bensín

Færibreyta ⁽¹⁾	Eining	Viðmiðunarmörk ⁽²⁾	
		Lágmark	Hámark
Prófunaroktantala		95 ⁽³⁾	—
Hreyfilsoktantala		85	—
Gufuþrýstingur, að sumri ⁽⁴⁾	kPa	—	60,0 ⁽⁵⁾
Eiming:			
— uppgufað við 100 °C	% v/v	46,0	—
— uppgufað við 150 °C	% v/v	75,0	—
Vetniskolefnisgreining:			
— ólefín	% v/v	—	18,0
— arómatísk vetniskolefni	% v/v	—	35,0
— bensen	% v/v	—	1,0
Súrefnisinnihald	% m/m	—	2,7
Súrefnissambönd:			
— Metanól (bæta verður við stöðgurum)	% v/v	—	3
— Etanól (e.t.v. þarf að bæta við stöðgurum)	% v/v	—	5
— Ísóprópýlalkóhól	% v/v	—	10
— Tert-bútýlalkóhól	% v/v	—	7
— Ísóbútýlalkóhól	% v/v	—	10
— Etrar með fimm eða fleiri kolefnisfrumeindum í hverri sameind	% v/v	—	15
— Önnur súrefnissambönd ⁽⁶⁾	% v/v	—	10
Brennisteinsinnihald	mg/kg	—	50
	mg/kg	—	10 ⁽⁷⁾
Blýinnihald	g/l	—	0,005

⁽¹⁾ Prófunaraðferðir skulu tilgreindar í EN 228:1999. Aðildarríkjum er heimilt að samþykkja aðra greiningaraðferð en EN 228:1999 svo fremi sýna meg fram á að hún gefi a.m.k. sömu nákvæmni og sömu samkvæmni og greiningaraðferðin sem hún kemur í staðinn fyrir.

⁽²⁾ Gildin, sem eru tilgreind í tækniforskriftinni, eru „raungildi“. Við ákvörðun á viðmiðunarmörkum hafa verið notuð hugtök úr staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 „Petroleum products — Determination and application of precision data in relation to methods of test“ og við ákvörðun lágmarksgildis hefur verið tekið tillit til lágmarksmunar sem nemur 2R yfir núlli (R = samanburðarnákvæmni). Túlka skal niðurstöður úr einstökum mælingum á grundvelli viðmiðana sem lýst er í staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 (gefinn út 1995).

⁽³⁾ Aðildarríkjum er heimilt að hafa áfram á markaði venjulegt, blýlaust bensín með hreyfilsoktantölunni að lágmarki 81 og prófunaroktantölunni 91 að lágmarki.

⁽⁴⁾ Sumartímabilið skal hefjast eigi síðar en 1. maí og eigi ljúka fyrir en 30. september. Í aðildarríkjum, þar sem heimskaualoftslag ríkir eða harðir vetur, skal sumartímabilið hefjast eigi síðar en 1. júní og eigi ljúka fyrir en 31. ágúst.

⁽⁵⁾ Í aðildarríkjum, þar sem heimskaualoftslag ríkir eða harðir vetur, skal gufuþrýstingurinn ekki vera meiri en 70 kPa yfir sumartímann.

⁽⁶⁾ Önnur eingild alkóhól og etrar með lokasudumarki sem er ekki hærra en tilgreint er í EN 228:1999.

⁽⁷⁾ Í samræmi við 2. mgr. 3. gr. og eigi síðar en 1. janúar 2005 skal blýlaust bensín með brennisteinsinnihaldi að hámarki 10 mg/kg vera á markaði á yfirráðasvæði aðildarríkjanna og fáanlegt á stöðum með hæfilega jafri, landfræðilegri dreifingu. Eigi síðar en 1. janúar 2009 skal allt blýlaust bensín á markaði á yfirráðasvæði aðildarríkjanna vera með brennisteinsinnihaldi að hámarki 10 mg/kg.

IV. VIÐAUKI

**UMHVERFISFORSKRIFTIR FYRIR MARKAÐSELDSNEYTI TIL NOTKUNAR Í ÖKUTÆKJUM MEÐ
ÞJÖPPUNARKVEIKJUHYREYFLI**

Tegund: **Dísileldsneyti**

Færibreyta ⁽¹⁾	Eining	Viðmiðunarmörk ⁽²⁾	
		Lágmark	Hámark
Setantala		51,0	—
Eðlismassi við 15 °C	kg/m ³	—	845
Eiming:			
— hiti við 95% (miðað við rúmmál)	°C	—	360
Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni	% m/m	—	11
Brennisteinsinnihald	Mg/kg	—	50
	Mg/kg	—	10 ⁽³⁾

⁽¹⁾ Prófunaraðferðir skulu tilgreindar í EN 590:1999. Aðildarríkjunum er heimilt að samþykkja aðra greiningaraðferð en EN 590:1999 svo fremi sýna megir fram á að hún gefi a.m.k. sömu nákvæmni og sömu samkvæmni og greiningaraðferðin sem hún kemur í staðinn fyrir.

⁽²⁾ Gildin, sem eru tilgreind í tækniforskriftinni, eru „raungildi“. Við ákvörðun á viðmiðunarmörkum hafa verið notuð hugtök úr staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 „*Petroleum products — Determination and application of precision data in relation to methods of test*“ og við ákvörðun lágmarksgildis hefur verið tekið tillit til lágmarksmunar sem nemur 2R yfir núlli (R = samanburðarnákvæmni). Túlka skal niðurstöður úr einstökum mælingum á grundvelli viðmiðana sem lýst er í staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 (gefinn út 1995).

⁽³⁾ Í samræmi við 1. mgr. 4. gr. og eigi síðar en 1. janúar 2005 skal dísileldsneyti með brennisteinsinnihaldi að hámarki 10 mg/kg vera á markaði á yfirráðasvæði aðildarríkjanna og fánlegt á stöðum með hæfilega jafnri, landfræðilegri dreifingu. Auk þess, og með fyrirvara um endurskoðunina sem um getur í 1. mgr. 9.gr., skal allt blýlaust bensín á markaði á yfirráðasvæði aðildarríkjanna eigi síðar en 1. janúar 2009 vera með brennisteinsinnihaldi að hámarki 10 mg/kg.